

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 205/1998 um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

#### 1. gr.

2. mgr. 25. gr. reglugerðarinnar orðast svo: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ÁTVR heimilt að lækka tímabundið smásöluverð vöru sem felld hefur verið úr kjarna, sbr. 15. gr. og mánaðarflokki, sbr. 17. gr.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 63/1969, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 25. nóvember 1999.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Marianna Jónasdóttir.*

## SAMÞYKKT

### Veidifélags Grímsár og Tunguár, Borgarfirði.

#### 1. gr.

Félagið heitir Veidifélag Grímsár og Tunguár. Heimili þess og varnarþing er í Lundarreykjadalshreppi.

#### 2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að laxgengum hluta Grímsár og Tunguár að veiðbættu svæði í Tunguá ofan Englandsfoss að Lómalæk.

#### 3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda og efla góða fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Til þess að slík framkvæmd nái fram að ganga þarf atkvæði 2/3 félagsmanna, enda sé þess getið í fundarboði, að slík ákvörðun liggja fyrir fundinum. Þó nægir einfaldur meirihluti fundarmanna á lögsmætum aðalfundi til að ráðstafa veiði til eins árs í senn. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

#### 4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kosnum á aðalfundi til þriggja ára í senn. Skulu tveir kosnir úr hópi veiðiréttareigenda neðan Mávahlíðar og Múlakots, að báðum jörðunum meðtöldum. Einn úr hópi veiðiréttareigenda í Tunguá og tveir úr hópi veiðiréttareigenda í Grímsá ofan Mávahlíðar og Múlakots. Kjósa skal fyrsta ár sinn fulltrúann frá hvoru svæði í Grímsá, annað ár fulltrúa Tunguár og þriðja árið þá tvo fulltrúa af Grímsársvæðum, sem eftir eru. Stjórnin skiptir með sér verkum. Kjósa skal fimm varamenn á sama hátt. Kjósa skal tvo endurskoðendur og einn varaendurskoðanda til þriggja ára. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema forföll hamli, eða hann hafi setið í stjórn félagsins tvö kjörtímabil.

## 5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún getur fengið menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur á hendi yfirumsjón með öllum störfum félagsins. Öllum er óheimilt að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki.

## 6. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en fyrir apríllok ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

## 7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda sem og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

## 8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

## 9. gr.

Brot á samþykktum þessum varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

## 10. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 29. nóvember 1999.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*